



Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. september 2021



vísir



SPORT

BYLGJAN
989



ENDOR

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	12

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekkta miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 15.822 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 176 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 28.373 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2021 nam 8.275 millj. kr. Þar af nam hlutafé 2.964 millj. kr. Eiginfjárlutfallið 30. september 2021 var 29,17%.

Rekstur samstæðunnar hefur batnað á tímabilinu samanborið við sama tímabil árið áður og þá sérstaklega á þriðja ársfjórðungi. Tekjur samstæðunnar hafa vaxið á tímabilinu sem gættir helst í fjölmiðla- og farsímatekjum. Auglýsingatekjur hafa farið vaxandi og hafa aukist um 20% á milli tímabila.

Þann 31. mars var skrifað undir samninga um sölu á óvirkum farsímainnviðum félagsins. Viðskiptin munu styrkja efnahagsreikning félagsins. Umsamið söluverð er um 7,1 milljarður og nemur væntur söluhagnaður yfir 6,5 milljörðum króna. Samhliða var gerður langtímasamningur, sem tryggja mun áframhaldandi aðgang félagsins að hinum óvirku farsímainnviðum. Allur virkur farsímabúnaður verður áfram í eigu Sýnar hf. Reikningshaldsleg meðferð söluhagnaðar liggur ekki endanlega fyrir, þ.e. hversu stór hluti af söluhagnaðinum verður færður í gegnum rekstur á söludegi. Viðskiptin eru háð samþykki eftirlitsstofnanna og verða áhrif þeirra færð í reikningsskil félagsins þegar það liggur fyrir.

Þann 31. mars var einnig undirritaður samningur um sölu á 49,9% hlut í færeyska hlutdeildarfélaginu P/F 20.11.19 (áður Hey). Kaupverðið var 52,5 millj. DKK. Kaupverðið var greitt 21. apríl til félagsins. Áfram verður til staðar þjónustusamningur á milli félaganna. Bókfært verð hlutarins var hærra en söluverð og því er tap af sölunni gjaldfært á fyrsta fjórðungi og fært meðal áhrifa hlutdeildarfélaga í rekstri. Söluandvirðinu var ráðstafað inná lán félagsins. Sjá nánar í skýringu 10.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2021 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. nóvember 2021

Í Stjórn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Páll Gíslason

Tanya Zharov

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Sigríður Vala Halldórsdóttir

Forstjóri

Heiðar Guðjónsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2021 3F	2020 3F*	2021 9M	2020 9M*
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.533	5.062	15.822	15.480
Rekstrarhagnaður	422	142	406	185
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	211	(4)	(188)	(536)
Hagnaður (tap) tímabilsins	172	8	(176)	(402)
Hagnaður (tap) á hlut	0,64	0,03	(0,68)	(1,36)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	319	244	911	764
Fjárfestingar í sýningarréttum	709	506	1.826	1.581
Handbært fé frá rekstri	1.756	1.055	3.730	3.855
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	1.886	1.593	4.762	4.312
EBITDA hlutfall tímabilsins	34,1%	31,5%	30,1%	27,9%
Frjálst fjárflæði (FCF)**	851	458	2.460	2.056
	30.09. 2021	30.06. 2021	31.03. 2021	31.12. 2020
Hreinar vaxtaberandi skuldir	13.699	14.115	15.686	15.419

*Samanburðartölum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 5.

**Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2021

	Skýr	2021 3F	2020 3F*	2021 9M	2020 9M*
Seldar vörur og þjónusta	6	5.533	5.062	15.822	15.480
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	7	(3.654)	(3.435)	(10.788)	(10.573)
Framlegð		1.879	1.627	5.034	4.907
Rekstrarkostnaður	8	(1.457)	(1.485)	(4.628)	(4.722)
Rekstrarhagnaður		422	142	406	185
Fjármunatekjur		5	6	16	20
Fjármagnsgjöld		(146)	(158)	(435)	(553)
Gengismunur		(70)	(17)	(2)	(259)
Hrein fjármagnsgjöld		(211)	(169)	(421)	(792)
Áhrif hlutdeildarféлага		-	23	(173)	71
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		211	(4)	(188)	(536)
Tekjuskattur		(39)	12	12	134
Hagnaður (tap) tímabilsins		172	8	(176)	(402)
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		19	(1)	(25)	(4)
Heildarafkoma tímabilsins		191	7	(201)	(406)
Hagnaður (tap) á hlut		0,64	0,03	(0,68)	(1,36)

*Samanburðartölum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 5.

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Efnahagsreikningur

30. september 2021

	Skýr.	30.9.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Leigugeignir		4.618	5.227
Rekstrarfjármunir		3.347	3.818
Viðskiptavild		8.902	8.932
Aðrar óefnislegar eignir		4.484	4.403
Eignahlutir í félögum	10	136	1.398
Tekjuskattsinneign		372	383
Fastafjármunir samtals		21.859	24.161
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		1.650	1.876
Birgðir		299	241
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	11	3.599	3.217
Handbært fé		430	831
Veltufjármunir samtals		5.978	6.165
Eignir flokkaðar til sölu	13	536	536
Eignir samtals		28.373	30.862
Eigið fé			
Hlutfé		2.964	2.964
Yfirverðsreikningur hlutfjár		2.465	2.465
Annað eigið fé		69	310
Óráðstafað eigið fé		2.777	2.810
Eigið fé		8.275	8.549
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		8.223	9.492
Leiguskuldbindingar		4.108	4.507
Aðrar langtímaskuldir		166	166
Tekjuskattsskuldbinding		-	16
Langtímaskuldir samtals		12.497	14.181
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		689	992
Leiguskuldbindingar		1.109	1.259
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	5.656	5.699
Skammtímaskuldir samtals		7.454	7.950
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu	13	147	182
Skuldir samtals		20.098	22.313
Eigið fé og skuldir samtals		28.373	30.862

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareiknings félagsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2021

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Annað eigið fé Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
1.1. til 30.9.2020						
Eigið fé 1.1.2020	2.964	2.465	7	105	3.257	8.798
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(402)	(402)
Þýðingarmunur	-	-	(4)	-	-	(4)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(4)	0	(402)	(406)
Hagnaður hlutdeildarf. umfram arðgr.	-	-	-	73	(73)	0
Eigið fé 30.9.2020	2.964	2.465	3	178	2.782	8.392
1.1. til 30.9.2021						
Eigið fé 1.1.2021	2.964	2.465	163	147	2.810	8.549
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(176)	(176)
Þýðingarmunur	-	-	(25)	-	-	(25)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(25)	0	(176)	(201)
Þýðingarmunur færður út vegna sölu	-	-	(73)	-	-	(73)
Hagnaður hlutdeildarf. umfram arðgr.	-	-	-	(143)	143	0
Eigið fé 30.9.2021	2.964	2.465	65	4	2.777	8.275

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. september 2021

	Skýr.	2021 3F	2020 3F	2021 9M	2020 9M
Hagnaður (tap) tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		172	8	(176)	(402)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	9	1.464	1.451	4.356	4.127
Hrein fjármagnsgjöld		211	169	421	792
Áhrif hlutdeildarféлага		-	(23)	173	(71)
Tekjuskattur		39	(12)	(12)	(134)
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.886	1.593	4.762	4.312
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting		(18)	27	(58)	111
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		(157)	296	(396)	127
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		183	(708)	(161)	(149)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.894	1.208	4.147	4.401
Innborgaðar vaxtatekjur		5	6	15	20
Greidd vaxtagjöld		(143)	(159)	(432)	(566)
Handbært fé frá rekstri		1.756	1.055	3.730	3.855
Fjárfestingahreyfingar					
Sala eignarhluta	10		-	1.065	-
Keyptir eignarhlutir		(15)		(15)	-
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(104)	(140)	(275)	(404)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(215)	(104)	(636)	(360)
Fjárfesting í sýningarrétti		(709)	(506)	(1.826)	(1.581)
Fjárfestingahreyfingar		(1.043)	(750)	(1.687)	(2.345)
Fjármögnunarhreyfingar					
Afborganir langtímalána	10	(161)	(171)	(999)	(512)
Rekstrarlán		(248)	(27)	(573)	(470)
Afborgun leiguskuldbindinga		(282)	(289)	(867)	(850)
Afborganir annarra langtímaskulda		-	-	-	(100)
Fjármögnunarhreyfingar		(691)	(487)	(2.439)	(1.932)
Breyting á handbæru fé		22	(182)	(396)	(422)
Handbært fé í byrjun tímabils		402	410	831	634
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga á handbært fé		6	(15)	(5)	1
Handbært fé í lok tímabilsins		430	213	430	213

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Vísir, Bylgjan, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árslutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 hefur að geyma árslutareikning félagsins, dótturfélag þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árslutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. september 2021 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2020. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfsþáttayfirlit

Samstæðan skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfsþáttur.

5. Breyting á samanburðartölum

Breyting var gerð á flokkun þjónustugjalda tengdum auglýsingatekjum á öðrum ársfjórðungi. Þjónustugjöldin voru áður jöfnuð á mótí tekjum en hafa nú verið endurflokkuð yfir í kostnaðarverð seldra vara og þjónustu. Fjárhæðum vegna 2020 og fyrsta fjórðungs 2021 hefur verið breytt til samræmis. Sjá nánar í skýringu hér að neðan:

	Endurgert			Endurgert		
	2020 3F	Breyting	2020 3F	2020 9M	Breyting	2020 9M
Seldar vörur og þjónusta	5.062	36	5.026	15.480	107	15.373
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.435)	(36)	(3.399)	(10.573)	(107)	(10.466)

6. Seldar vörur og þjónusta

	2021	2020	2021	2020
	3F	3F	9M	9M
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:				
Vörusala	292	253	896	729
Seld þjónusta	5.241	4.809	14.926	14.751
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.533	5.062	15.822	15.480

Tekjustraumar	Fjölmiðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Hýsingar- og rekstrarlausnir		Aðrar tekjur	Samtals
					Vörusala	Vörusala		
1.1. til 30.9.2021								
Tekjur	6.194	3.366	3.252	407	1.075	896	632	15.822
1.1. til 30.9.2020								
Tekjur	5.805	3.442	2.674	467	1.758	729	605	15.480

Skýringar, frh.:

7. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2021	2020	2021	2020
	3F	3F	9M	9M
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	2.034	1.843	5.778	5.884
Laun og launatengd gjöld	470	488	1.605	1.629
Eignfærð laun	(28)	(38)	(90)	(118)
Afskriftir	1.178	1.142	3.495	3.178
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.654	3.435	10.788	10.573

8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2021	2020	2021	2020
	3F	3F	9M	9M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	311	353	956	1.032
Sölu- og markaðskostnaður	137	139	383	349
Laun og launatengd gjöld	778	717	2.527	2.476
Eignfærð laun	(55)	(32)	(99)	(84)
Afskriftir	286	309	861	949
Rekstrarkostnaður samtals	1.457	1.485	4.628	4.722

9. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2021	2020	2021	2020
	3F	3F	9M	9M
Afskriftir rekstrarfjármuna	248	292	746	900
Afskriftir óefnislegra eigna	182	187	555	581
Afskriftir afnotaréttar	286	305	853	885
Afskriftir sýningarréttar	748	667	2.202	1.762
Afskriftir samtals	1.464	1.451	4.356	4.127

10. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	30.9.2021	31.12.2020
Bókfært verð 1.1.	1.375	1.360
Seldur eignarhlutur í P/F 20.11.19 (áður Hey)	(1.283)	-
Keyptur eignarhlutur	15	-
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	6	98
Þýðingarmunur	-	61
Mótttekinn arður	-	(144)
Bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélögum samtals	113	1.375
Eignarhlutir í öðrum félögum	23	23
Bókfært verð eignarhluta í félögum samtals	136	1.398

Þann 31. mars var undirritaður samningur um sölu á 49,9% hlut í færeyska hlutdeildarfélaginu P/F 20.11.19 (áður Hey). Söluverðið var 52,5 millj. DKK. Söluverðið var greitt 21. apríl til félagsins. Áfram verður til staðar þjónustusamningur á milli félaganna. Bókfært verð hlutarins var hærra en söluverð og því er tap af sölnni að fjárhæð 179 millj. kr. gjaldfært á fyrsta fjórðungi. Hluta af söluandvirðinu var ráðstafað inn á lán félagsins (500 millj. kr.) og hluta inn á lánaðinu félagsins.

Skýringar, frh.:

11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.9.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	3.058	2.823
Aðrar skammtímakröfur	475	347
Leigukröfur	169	166
Leigukröfur flokkaðar til sölu færðar út	(20)	(20)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(83)	(99)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.599	3.217

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.9.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir	3.897	3.599
Ógreiddur virðisaukaskattur	423	345
Fyrirfram innheimtar tekjur	441	360
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	894	1.395
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.656	5.699

13. Eignir flokkaðar til sölu greinast þannig:

Eignir flokkaðar til sölu greinast þannig:	30.9.2021	31.12.2020
Leigueignir	144	144
Leigukröfur	20	20
Rekstrarfjármunir	372	372
Eignir flokkaðar til sölu samtals	536	536

Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu greinast þannig:	30.9.2021	31.12.2020
Langtíma leiguskuldbindingar	9	44
Skammtíma leiguskuldbindingar	138	138
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu samtals	147	182

14. Önnur mál

Sýn hf. á í málarekstri við einstaklinga, félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Meðal annars vegna réttarhlés dómstóla var ekki framgangur á reikningstímabilinu í tengslum við málarekstur félagsins. Vísast því um ágreiningsmál til ársreiknings félagsins vegna ársins 2020 og árshlutareikninga fyrsta og annars fjórðungs 2021.

Á þessum tímavarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar sem leiða af niðurstöðum málareksturs félagsins meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding verið færð í árshlutareikninginn.

Ársfjórðungsýfirlit**

	2021 1F*	2021 2F	2021 3F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	5.000	5.289	5.533	15.822
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.375)	(3.759)	(3.654)	(10.788)
Framlegð	1.625	1.530	1.879	5.034
Rekstrarkostnaður	(1.583)	(1.588)	(1.457)	(4.628)
Rekstrarhagnaður (tap)	42	(58)	422	406
Fjármunatekjur	5	6	5	16
Fjármagnsgjöld	(144)	(145)	(146)	(435)
Gengismunur	46	22	(70)	(2)
Hrein fjármagnsgjöld	(93)	(117)	(211)	(421)
Áhrif hlutdeildarféлага	(193)	20	-	(173)
Tekjuskattur	13	38	(39)	12
Hagnaður (tap) tímabilsins	(231)	(117)	172	(176)
Þýðingarmunur vegna erlends dótturf.	(37)	(7)	19	(25)
Heildarafkoma tímabilsins	(268)	(124)	191	(201)
EBITDA	1.388	1.488	1.886	4.762
EBITDA %	27,8%	28,1%	34,1%	30,1%

*Samanburðartölum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 5.

**Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

Ársfjórðungsfirlit**

	2020 1F*	2020 2F*	2020 3F*	2020 4F*	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	5.030	5.387	5.062	5.464	20.943
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.385)	(3.752)	(3.435)	(3.863)	(14.435)
Framlegð	1.645	1.635	1.627	1.601	6.508
Rekstrarkostnaður	(1.666)	(1.571)	(1.485)	(1.625)	(6.347)
Rekstrarhagnaður (tap)	(21)	64	142	(24)	161
Fjármunatekjur	8	6	6	3	23
Fjármagnsgjöld	(219)	(176)	(158)	(175)	(728)
Gengismunur	(230)	(12)	(17)	54	(205)
Hrein fjármagnsgjöld	(441)	(182)	(169)	(118)	(910)
Áhrif hlutdeildarféлага	20	28	23	27	98
Tekjuskattur	92	30	12	112	246
Hagnaður (tap) tímabilsins	(350)	(60)	8	(3)	(405)
Þýðingarmunur vegna erlends dótturf.	(2)	(1)	(1)	160	156
Heildarafkoma tímabilsins	(352)	(61)	7	157	(249)
EBITDA	1.355	1.364	1.593	1.427	5.739
EBITDA %	26,9%	25,3%	31,5%	26,1%	27,4%

*Samanburðartölum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 5.

**Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum